

Stjórnarfundur 1. sept. 2011 í Digranesi

Mættir: Anna María, Brynhildur, Karen, Selma, Sigurður, Sólveig og Særún.
Sigrún skólastjóri sat fyrri hluta fundarins

Fundur settur kl: 20:40

- **Nemendaráð.** Kosning er hafin í nemendaráð skólans. Hallgrímur kennari á elsta stigi heldur utan um það. Stefnt er að því að nemendaráðið fundi reglulega og alltaf fyrir skólaráðsfundi. Kosning nemenda í skólaráð er ekki búin. Rætt um hvort æskilegt sé að annar fulltrúinn sé úr 10.bekk og hinn úr 9. bekk og sitji í tvö ár.
- **Tengsl félagsmiðstöðvar og foreldrafélags.** Stefna á að fá Margréti forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar á fund með stjórn sem fyrst til að ræða tengslin.
- **Kynning fyrir efsta stig.** Í báðum skólunum tíðkuðust kynningar fyrir 8. bekkina og foreldra þeirra en þær hafa lagst af síðustu ár. Allir sammála um þörf þess að koma þannig kynningu á aftur og það strax í haust. Rætt um að hafa fyrirlestra og síðan kynningu frá félagsmiðstöðinni. Námsráðgjafi skólans og Hugo Þórisson sálfræðingur eru tilbúin að koma með fyrirlestra. Sigrún ætlar að athuga hvenær Hugo er laus og ákveða kynningarfund út frá því, stefna á mánaðamótin sept.-okt.
- **Heilsurækt foreldrafélagsins.** HK ætlar einhliða að fara að rukka leigu fyrir salinn þar sem heilsuræktin er. Tilkynning hefur ekki borist um það til stjórnar foreldrafélagsins en einungis talað við íþróttakennarana. Samningur er í gildi um notkun skólans á íþróttahúsinu t.d. að skólinn hefur húsnæðið til kl. 16:00. Foreldrafélagið hefur séð um innkaup á öllum tækjum sem verið er að nota.
- **Ferðir árganga:**
 - 9. bekkur að Laugum í Sælingsdal. Foreldrar sjá um fjáröflun
 - 7. bekkur að Reykjum. Foreldrar sjá einnig um þá fjáröflun
 - 10.bekkur: Félagsmiðstöðin hefur haldið utan um söfnun fyrir ferð þeirra. Spurning um að fá foreldra og félagsmiðstöð í samvinnu um fjáröflunina.
- **Heimasíðan.** Allar fréttir foreldrafélagsins á heimasíðuna fari einnig á forsíðu
- **Símaskrá.** Mikið kallað eftir að fá símaskrá. Gera hana í samvinnu við skólann og stefna á að senda hana út í tölvupósti.
- **Árgjald.** Verði rukkað í október.
- **Kjör bekkjarfulltrúa.** Mælst var til að þeir yrðu valdir sl. vor en mjög lítil viðbrögð hafa orðið við því. Reyna að fá nýja bekkjarfulltrúa með því að senda út tölvupóst til allra foreldra og þeir sem fást ekki þannig verði valdir á námsefniskynningu.

Fundi slitið kl: 10:50.